

sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 20. gr. 1. mgr. og 27. gr. 1. mgr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Sektin greiðist fyrir 1. maí 1955, en ella sæti kærða í hennar stað varðhaldi í 4 daga.

Málskostnaður, kr. 2.00, greiðist strax.

Framangreint brot hefur itrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Föstudaginn 21. október 1955.

Nr. 141/1955. Ásmundur Guðmundsson
 gegn
 Geirþrúði Bjarnadóttur,
 Benedikt Gíslasyni,
 Jóni Kjartanssyni,
 dánarbúi Guðmundar Sigurðssonar
 og Jóni Steingrímssyni sýslumanni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með kæru 23. f. m., sem hingað barst 3. þ. m., skotið til Hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum í aukarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 11. f. m., þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um, að hinn reglulegi dómari víki sæti í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljunum Geirþrúði Bjarnadóttur, Benedikt Gíslasyni, Jóni Kjartanssyni og dánarbúi Guðmundar Sigurðssonar. Gerir sóknaraðili *aðallega* þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar að nýju, en *til vara*, að greindum úrskurði verði breytt þannig, að héraðsdómaranum, Jóni Steingrímssyni

sýslumanni, verði gert að víkja sæti í framangreindu máli. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa eigi gert neinar kröfur í kærumáli þessu.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi varnaraðilja málsins. Eigi er þar heldur lýst málsatvikum né málsástæðum, en þess var brýn nauðsyn, þar sem krafa sóknaraðilja um, að hinn reglulegi dómari viki sæti, var reist á afstöðu hans til málsatvika. Héraðsdómari hefur því eigi gætt ákvæða 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á úrskurðinum þykir verða að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað.

Þar sem varnaraðiljar hafa eigi krafizt málskostnaðar, verður hann eigi dæmdur.

Það athugast, að endurrit úr aukapingsbók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af máli þessu er mjög ófullkomlið.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Úrskurður aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

11. september 1955.

Hrl. Gústaf A. Sveinsson, umboðsmaður stefnanda, Ásmundar Guðmundssonar, hefur borið fram kröfu um, að hinn reglulegi dómari, Jón Steingrímsson sýslumaður, viki sæti í málinu.

Kröfu sína rökstyður hann með því, að sýslumaðurinn hafi vanrækt að taka á skrá yfir ættarjarðir í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu jörðina Helgavatn. Enn fremur með því, að ef til vill verði honum stefnt sem vitni í málinu.

Samkvæmt afriti, er liggur við sýslumannsembættið, af skýrslu um ættarjörðir í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, er sýslumaður sendi Búnaðarfélagi Íslands 17/8 1945, er þetta um Helgavatn: „Eigandi og ábúandi var Guðmundur Sigurðsson. Hafði ætt hans átt jörðina í full 100 ár. Vorið 1945 seldi Guðmundur jörðina konu Benedikts Gíslasonar frá Hofteigi, og tók Benedikt við ábúð á henni. Eigi mun við sölu þessa hafa verið gætt ákvæða um ættarjarðir.“

Þar sem með þessu er hnekktt ummælum umboðsmanns stefnanda

um vanrækslu dómara í því að taka Helgavatn á skrá yfir ættarjarðir, og með því að hann hefur eigi sýnt fram á, hver nauðsyn honum er að leiða dómarann sem vitni í málinu, verður krafa hans um, að hinn reglulegi dómari víki sæti í málinu, eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:

Krafa um, að hinn reglulegi dómari, Jón Steingrímsson sýslumaður, víki sæti í máli þessu, verður eigi tekin til greina.

Þriðjudaginn 25. október 1955.

Nr. 93/1955. Skipaútgerð ríkisins (Egill Sigurgeirsson)
gegn

Hafnarsjóði Vestmannaeyja
(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögtaksmál. Innheimta hafnargjalda.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1955 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um lögtaksgerð og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í hér-aði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í 20. gr. hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjar nr. 79/1950, sem stoð hefur í 9. gr. laga nr. 29/1946 um hafnargerðir og lendingarbætur, segir, að öll aðkomuskip, sem fara inn á Innrihöfn, skuli, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald, „eins og hér segir“. Af þessu upphafsákvæði greinarnnar, sem þannig vísar til staflíða a—c síðar í greininni, má örugglega ráða, að átt er